

Kvennalistinn:

Bera sjálfar kostnað vegna varapingmanna

„Það er ófrávikjanleg grunnregla hjá okkur að þingseta varamanna valdi almenningi í landinu ekki aukakostnaði, nema til komi veikindi eða erindi í opinberri þágu“ segir Guðný Guðbjörnsdóttir formaður þingflokks Kvennalistans. „Síðan Kvennalistinn eignaðist fulltrúa á Alþingi hefur hann hlutfallslega sjaldnar kallað inn varapingmenn en aðrir. Þar við bætist að við höfum oftart gert það á eigin kostnað en aðrir flokkar hafa gert það á kostnað almennings.“

„Það er alveg skýrt í 53ju grein þingskapa að það er heim-

ilt að fara út af þingi í einkaerindum ef maður borgar það sjálfur. Það höfum við alltaf gert,“ segir þingflokksformaðurinn.

„Þingkonur okkar hafa sjálfar tekið á sig þann kostnað sem fylgir því að fara út af þingi í einkaerindum og greiða varamanni laun á meðan. Einnig hefur komið fyrir að Samtök um kvennalista greiði laun þingkvenna sem fara út af þingi og kalla inn varamann, en þá hafa þær þingkonur verið í starfi fyrir Kvennalistann á meðan,“ segir Guðný Guðbjörnsdóttir.

Um lífeyrisréttindi sem stofnað er til þegar varamaður tekur sæti á Alþingi segir formaður þingflokks Kvennalistans: „Um þetta gilda úrelt lög sem sett voru löngu áður en Kvennalistinn kom til. Ég veit ekki einu sinni hvenær þau voru sett, en mér skilst að nú sé búið að ræða um það í forsætisnefnd þingsins, þar sem Kvennalistinn á ekki fulltrúa, í ein tvö ár, að þarna sé einhver misskilningur á ferð sem þeir sem settu lögin á sínum tíma hafi ekki áttað sig á. Nú mun standa til að breyta þeim lögum, og sú lagabreyting er til umræðu hjá forsætisnefndinni og formönnum þingflokka um þessar mundir,“ segir Guðný Guðbjörnsdóttir formaður þingflokks Kvennalistans.

Í orðsendingu þingflokksins sem birt var í gær „að gefnu til efni“ segir m.a.:

„Þingmenn eiga rétt á að kalla inn varamenn vegna veikinda eða fjarvista í opinberum erindum. Þingmaður hefur einnig rétt á að kalla inn varamann ef hann er fjarverandi í einkaer-

indum, en þá þiggur hann ekki laun fyrir þann tíma sem varamaður hans situr á þingi.“

Þá er vísað í 53ju grein þingskapa Alþingis þar sem segir: „Þingmaður nýtur ekki þingfjarkaups meðan varamaður hans situr á þingi nema fjarvist sé vegna veikinda eða þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum.“

Ennfremur segir að það hafi frá upphafi verið stefna Kvennalistans að gefa sem flestum varapingkonum sínum tækifæri til að láta til sín taka í sölum Alþingis:

„Í 12 ára þingsögu kvennalistans hefur raunin þó orðið sú að við höfum kallað varamenn inn í hlutfallslega færri tilvikum en nokkur annar þingflokkur. Sú samþykkt sem gerð var á nýafstöðnum landsfundi er einungis staðfestng á löngu mótaðri stefnu, enda segir þar að stefnt skuli að því að kalla inn varamenn eftir því sem kostur gefst.“

-Á.R.